

**HEILBRIGÐISNEFND**  
**HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS**  
**77. fundur – 24. maí 2004**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 24. maí 2004, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá: Richard Hansen boðaði forföll og í hans stað mætti Unnpór Stefánsson.

**1. Fundargerð 76. fundar heilbrigðisnefndar**

Samþykkt.

**2. Fundargerð 65. starfsmannafundar frá 19. maí 2004**

**2.1 Starfsleyfi.**

2.1.1 Ásgarður, biðskýli, Garðabæ - skyndibitastaður.

Lögð fram umsókn Bjarna Gunnarssonar, kt. 020579-5799, fh. Aktu Taktu ehf., kt. 660302-2630, dags. 17.05.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar (veitingaverslunar) í biðskýlinu við Ásgarð, Garðabæ. Einnig sótt um tóbakssöluleyfi. Eigendaskipti.

Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða. Tóbakssöluleyfi samþykkt.

2.1.2 Lyngás 17, Garðabæ - matstofa með fullbúnu eldhúsi.

Lögð fram umsókn Erlu Sveinsdóttur, kt. 020855-2079, fh. Matar og Kaffis ehf., kt. 500304-2350, dags. 28.04.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matstofu með fullbúnu eldhúsi að Lyngási 17, Garðabæ. Eigendaskipti.

Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.3 Urriðavatnsdalur, Garðabæ - samkomusalur með fullbúnu eldhúsi.

Lögð fram umsókn Jóns Ögmundssonar, kt. 290555-5289, fh. Oddaveitinga ehf., kt. 550404-4860, dags. 05.05.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs golfskála (fasteignanúmer 2223352) með fullbúnu eldhúsi að Urriðavatnsdal, Garðabæ. Eigendaskipti.

Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

**Hafnarfjörður**

2.1.4 Dalshraun 13, Hafnarfirði - bakarí.

Lögð fram umsókn Ólafs Fannars Jóhannssonar, kt. 070572-4869, fh. Fjarðarbakarís ehf., kt. 460404-2230, dags. 26.04.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.5 Flatahraun 5a, Hafnarfirði - söluturn.

Lögð fram umsókn Jóhanns Sveinssonar, kt. 150355-3039, fh. Óla-Jó ehf., kt. 670404-3580, dags. 17.05.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns og skyndibitastaðar að Flatahrauni 5a, Hafnarfirði. Einnig sótt um tóbakssöluleyfi. Eigendaskipti.

Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða matvæla og hollustuháttareglugerðar til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða. Tóbakssöluleyfi samþykkt.

2.1.6 Fjarðargata 13-15, Hafnarfirði - húðgötun.

Lögð fram umsókn Guðmundar Ingvasonar, kt. 141059-3009, fh. Nobel ehf., kt. 701097-2899, dags. 10.05.2004, þar sem sótt er um leyfi til húðgötunar að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar til 4 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.7 Hólshraun 1b, Hafnarfirði - ísbúð og pylsusala.

Lögð fram umsókn Sófusar Gíslasonar, kt. 090870-3199, fh. S.G. Veitinga ehf, kt. 410693-2599, dags. 11.05.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns að Hólshrauni 1b, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.8 Íshella 4, Hafnarfirði - bílapartasala.

Lögð fram að nýju umsókn Jóhannesar Viggóssonar, kt. 161039-4979, dags. 02.12.2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílapartasölu, að Íshelli 4, Hafnarfirði. (Varahlutabjónustan) Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða til 1 árs með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar enda verði nú þegar hafnar framkvæmdir við frágang lóðar og mengunarvarnabúnaðar og honum lokið samkvæmt áætlun sem heilbrigðiseftirlitið samþykkir.

2.1.9 Kaplahraun 11, Hafnarfirði - bílapartasala og viðgerðir.

Lögð fram að nýju umsókn Valgarðs Reinharðssonar, kt. 230845-4929, fh. Bifreiðasmiðjunnar Runó ehf., kt. 521193-2049, dags. 29.10.2003, þar sem sótt er um leyfi til reksturs partasölu og viðgerða að Kaplahrauni 11, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða til 1 árs með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar enda verði nú þegar hafnar framkvæmdir við frágang lóðar og honum lokið samkvæmt áætlun sem heilbrigðiseftirlitið samþykkir.

2.1.10 Kaplahraun 11, Hafnarfirði - bílapartasala og bónstöð.

Lögð fram að nýju umsókn Reynis S. Markússonar, kt. 021276-3329, fh. Parta ehf., kt. 650703-2430, dags. 29.10.2003, þar sem sótt er um leyfi til reksturs partasölu og bónstöðvar að Kaplahrauni 11, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða til 1 árs með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar enda verði nú þegar hafnar framkvæmdir við frágang lóðar og honum lokið samkvæmt áætlun sem heilbrigðiseftirlitið samþykkir.

2.1.11 Kaldakinn 16, Hafnarfirði - daggæsla fyrir allt að 10 börn.

Lögð fram umsókn Halldóru Jónsdóttur, kt. 300828-8019, dags. 06.05.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn að Köldukinn 16, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar til 4 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.12 Lónsbraut 2, Hafnarfirði - málmsmíðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Daníels Péturssonar, kt. 310780-6189, fh. Rekkverks ehf., kt. 531103-2540, dags. 28.04.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmíðaverkstæðis að Lónsbraut 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar til 15 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.13 Lækjargata 34b, Hafnarfirði - fiskbúð.

Lögð fram umsókn Stefáns Kristjánssonar, kt. 220236-7069, fh. Sjófisks ehf, kt. 660602-4450, dags. 17.05.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskbúðar að Lækjargötu 34b, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða matvælaeaglugaerðar með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.14 Lækjargata 34c, Hafnarfirði - verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni.

Lögð fram umsókn Jónínu Gunnarsdóttur, kt. 080657-2699 fh. Pace Ísland ehf., kt. 700399-2819, dags. 06.05.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni að Lækjargötu 34c, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða hollustuháttareglugaerðar til 4 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.15 Stapahraun 11, Hafnarfirði - bílapartasala.

Lögð fram umsókn Ómars Tómassonar, kt. 220660-2069, fh. Bílakjallarans ehf., kt. 591201-2550, dags. 02.03.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílapartasölu að Stapahrauni 11, Hafnarfirði. Endurnýjun. Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugaerða til 1 árs með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar enda verði nú þegar hafnar framkvæmdir við frágang lóðar honum lokið samkvæmt áætlun sem heilbrigðiseftirlitið samþykkir.

2.1.16 Suðurbraut 14, Hafnarfirði - meindýravarnir.

Lögð fram umsókn Ólafs Sigurðssonar, kt. 300853-7819, fh. Húsaþjónustunnar ehf., kt. 570903-3650, dags. 20.04.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs meindýravarna að Suðurbraut 14, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Starfsleyfi hafnað vegna tengsla geymsluhúsnæðis við íbúðarhúsnæði í fjöleignahúsi.

### **Kópavogur**

2.1.17 Akralind 1, Kópavogi - bílaréttingar.

Lögð fram umsókn Kristjáns Guðmundssonar f.h. K.G. Bílaréttingar ehf. kt. 490304 2660, dags. 21.05.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílaréttinga að Akralind 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugaerða til 15 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.18 Borgarholtsbraut 44, Kópavogi - heimagisting.

Lögð fram umsókn Sigríðar Þorbjarnardóttur, kt. 230457-5069, dags. 13.05.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heimagistingar að Borgarholtsbraut 44, Kópavogi. (Gisting Borgarholtsbraut 44) Endurnýjun. Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða hollustuháttareglugaerðar til 4 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.19 Dalvegur 16d, Kópavogi - prentsmiðja.

Lögð fram umsókn Ara Karlssonar, kt. 020950-3589, dags. 13.05.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentsmiðju að Dalvegi 16d, Kópavogi. (Límbönd–Ari Karlsson) Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugaerða til 15 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.20 Kársnesbraut 98, Kópavogi - garðaúðun.

Lögð fram umsókn Brynjars Kjærnested, kt. 121077-4859, fh. Garðlistar ehf. kt. 450598-2409, dags. 31.03.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs garðaúðunar með aðsetur að Kársnesbraut 98, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða hollustuháttareglugaerðar til 12 ára.

2.1.21 Nýbýlavegi 16, Kópavogi - gistiheimili og veitingasala.

Lögð fram umsókn Sigríðar Þorbjarnardóttur, kt. 230457-5069, fh. BB44 Gistingar ehf., kt. 710502-4120, dags. 13.05.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis og veitingasölu að Nýbýlavegi 16, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með vísun tilákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar til 4 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

## 2.2 Umsagnir.

### Garðabær

#### 2.2.1 Smiðsbúð 3a, Garðabæ - gistiheimili.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 29.04.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Arnórs Hannessonar, kt. 210140-2639, um endurnýjun á leyfi fyrir gistiheimilið Fell ehf, kt. 430399-2179, Smiðsbúð 3a, 210 Garðabær. Jákvæð umsögn samþykkt.

#### 2.2.2 Urriðavatnsdalur, Garðabæ - veitingasala.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 23.04.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Jóns Ögmundssonar, kt. 290555-5829, sem sækir um veitingaleyfi í golfskála (fasteignanúmer 2223352) Golfklúbbs Oddfellowa, Urriðavatnsdölum, Garðabæ. Rekstraraðili er Oddaveitingar ehf, kt. 550404-4860. Jákvæð umsögn staðfest.

### Hafnarfjörður

#### 2.2.3 Dalshraun 9, Hafnarfirði - bílaleiga.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 12.05.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Björgvins Víðis Guðmundssonar, kt. 310358-2159, sem sækir um leyfi fyrir BVG ehf. kt. 610404-3080 til reksturs bílaleigu en fyrirtækið er með starfsstöð að Dalshrauni 9 í Hafnarfirði. Jákvæð umsögn samþykkt.

#### 2.2.4 Kaldárselsvegur, Hafnarfirði - hestamannafélag.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 14.05.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Rósu Sigurjónsdóttur, kt. 250273-5689, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Hestamannafélagið Sörla, Sólarstöðum við Kaldárselsveg í Hafnarfirði, kt. 640269-6509, fyrir uppskeruhátíð sem fyrirhugað er að halda, þann 5. júní 2004 frá kl. 10:00-03:00. Farið er fram á leyfi fyrir 300-500 manns. Jákvæð umsögn samþykkt.

#### 2.2.5 Kaplakriki, Hafnarfirði - íþróttahús.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 26.04.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Péturs Ó. Stephensen, kt. 220552-2849, sem sækir um veitingaleyfi fyrir íþróttahúsið við Kaplakrika í Hafnarfirði, kt. 410687-1359 fyrir herrakvöld FH sem fyrirhugað er að halda, þann 7. maí 2004 frá kl. 19:00-01:00. Jákvæð umsögn staðfest.

#### 2.2.6 Flatahrauni 5a, Hafnarfirði - kaffihús.

Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar, dags. 30.04.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sóleyjar Víglundsdóttur, kt. 071061-3619, sem sækir um nýtt vínveitingaleyfi fyrir Snóker-sportbar (Gíga ehf), Flatahrauni 5a, Hafnarfirði. Jákvæð umsögn samþykkt m.t.t. svipmóts.

#### 2.2.7 Trönuhrauni 10, Hafnarfirði - billjardstofa.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 29.03.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ágústs Friðgeirssonar, kt. 240156-3939, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Billjardstofuna Trönuhrauni 10, Hafnarfirði. Rekstraraðili er T-10 ehf. kt. 600204-3780. Frestað þar sem ekki liggur fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

### Kópavogur

#### 2.2.8 Dalsmári 9-11, Kópavogi - veitingastofa.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 16.02.2004, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þrastar Jóns Sigurðssonar kt. 030773-4629, fh. Smárasports ehf., kt. 471002-2240 sem sækir um leyfi til að reka veitingastofu í Sporthúsinu, Dalsmára 9-11, Kópavogi. Jákvæð umsögn staðfest.

#### 2.2.9 Dalsmári 9-11, Kópavogi - veitingastofa.

Lagt fram bréf bæjarlögmannsins í Kópavogi, dags. 20.02.2004, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þrastar Jóns Sigurðssonar kt. 030773-4629, um leyfi til áfengisveitinga í Sporthúsinu, Dalsmára 9-11, Kópavogi. Jákvæð umsögn staðfest.

### 2.3 Annað.

#### 2.3.1 Starfsleyfisskilyrði varðandi hollustuhætti.

Lagður fram listi yfir samræmd starfsleyfisskilyrða varðandi hollustuhætti sem Umhverfisstofnun hefur birt. Sjá heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.ust.is/LogOgReglur//Starfsleyfisskilyrði/>

#### 2.3.2 Starfsleyfisskilyrði varðandi mengunarvarnir.

Lagður fram listi yfir yfir samræmd starfsleyfisskilyrði varðandi mengunarvarnir sem Umhverfisstofnun hefur birt. Sjá heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.ust.is/LogOgReglur//Starfsleyfisskilyrði/> Einnig lagðir fram listar yfir starfsleyfisskilyrði sem eru til umsagnar og í undirbúningi.

#### 2.3.3 Sértek starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar fyrir körtubíla. Samþykkt

### 3. Hundahald, krafa um afturköllun á leyfi

Lagt fram að nýju afrit af lögregluskýrslu frá 15. mars 2004 um slys við reiðhöll Andvara þann 29. febrúar 2004 og krafa um afturköllun á leyfi til hundahalds sbr. lið 3.3 í fundargerð nefndarinnar frá 26. apríl 2004. Ennfremur lögð fram erindi og andmæli vegna málsins.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd hefur fjallað um kröfu um afturköllun á leyfi til hundahaldsins með vísun til ákvæða 14. gr. samþykktar nr. 154/2000. Af framkomnum gögnum liggur fyrir að umræddur hundur var eftirlitslaus á svæðinu þegar fyrra tilvikið átti sér stað en hlutdeild hans í slysinu er óviss og sætir lögreglurannsókn. Um annan hund er að ræða í síðara tilvikinu að mati nefndarinnar. Heilbrigðisnefnd telur að eftirlitslausir hundar skapi alvarlega hættu við reiðleiðir. Slíkt er brot á samþykkt um hundahald og er eiganda hundsins það ljóst. Heilbrigðisnefnd telur ekki ástæðu til frekari aðgerða í þessu máli."

### 4. Heitlofsþurrkun á fiski

#### 4.1 Kvörtun um ólykt

Lagt fram afrit af erindi Rúnars Brynjólfssonar f.h. íbúa Hólabraut 19, Hafnarfirði, þar sem m.a. er lýst megnri óánægu vegna þess hve lítið gengur að koma í veg fyrir þá miklu ólykt sem æ oftast slær fyrir yfir nágrennið.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd telur ljóst að ekki verði unað við ólykt frá fiskþurrkun sem berst inn í íbúðarhverfi eins og átt hefur sér stað að undanfögnu. Fyrirtæki sem vilja vera í þessari vinnslu verða því að finna sér heppilegri staðsetningu."

#### **4.2 Þurrkaðar fiskafurðir ehf**

Lagt fram erindi Aðalsteins Sæmundssonar f. h. Þurrkaðra fiskafurða ehf. dags. 24. maí 2004 þar sem gerð er grein fyrir úrbótum sem fyrirtækið hefur framkvæmt. Óskað er skýringa frá fyrirtækinu á ólykt undanfarna daga og vakin athygli á að heilbrigðisnefnd telur fullreynt að vegna eðli starfseminnar geti hún ekki verið á þessum stað og finna þurfi heppilegri staðsetningu.

#### **4.3 Svalpúfa ehf**

Lagt fram erindi Svalpúfu ehf sem móttækið var 24. maí 2004 þar sem óskað er eftir starfsleyfi fyrir heitloftspurrkun fiskafurða að Óseyrarbraut 11 í Hafnarfirði. Afgreiðslu starfsleyfisumsóknar frestað og óskað er skýringa frá fyrirtækinu á ólykt undanfarna daga. Jafnframt er vakin athygli á að heilbrigðisnefnd telur fullreynt að vegna eðli starfseminnar geti hún ekki verið á þessum stað og að finna þurfi heppilegri staðsetningu.

#### **5. Hörðuvellir. Tröllakór. Breytt aðalskipulag. Deiliskipulag.**

Lagt fram bréf skipulagsstjóra Kópavogsbæjar frá 4. maí 2004 þar sem kynnt er tillaga að breyttu aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 á Hörðuvöllum í Kópavogi og tillaga að deiliskipulagi á sama svæði. Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við skipulagið.

#### **6. Reykjanesbraut í Hafnarfirði**

Lagt fram erindi skipulags- og byggingafulltrúa Hafnarfjarðar frá 11. maí 2004 þar sem óskað er heimildar til að beita fráviksákvæðum reglugerðar um hávaða 933/1999, með síðari breytingum, vegna deiliskipulags fyrir Reykjanesbraut í Hafnarfirði og íþróttasvæði FH í Kaplakrika. Erindinu fylgir tafla Línuhönnunar um niðurstöður hljóðvistarútreikninga. Um er að ræða breytingu á umferðaræð í byggð sem fyrir er.

Heilbrigðisnefnd fellst á að beita megi frávik I, samkvæmt reglugerð 933/1999, um hávaða fyrir tilgreind íbúðahús sem bráðabirgðalausn. Jafnframt beinir heilbrigðisnefnd því til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að reglum um styrki vegna hljóðsvistar frá 30. maí 2000 verði breytt á þann hátt að komið verði til móts við þá húseigendur sem samþykkt þessi tekur til og fara þurfa í umbætur til að bæta hljóðvist innan dyra hjá sér.

#### **7. Stjórnsýslukæra**

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar skv. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt stjórnsýslukæru Gunnar Jóhannsdóttur og Stefáns Gísla Finnbogasonar, Hlíðarvegi 29, Kópavogi, vegna hávaða frá söluturni á neðri hæð hússins við Hlíðarveg 29.

Framkvæmdastjóra falið að senda úrskurðarnefnd greinargerð í samræmi við afgreiðslu heilbrigðisnefndar vegna málsins þann 29. mars 2004.

#### **8. Kvörtun vegna reksturs bensínstöðvar**

Lagt fram erindi frá Halldóri Haraldssyni og Susan Haraldsson, dags. 10. maí 2004 þar sem kvartað er yfir óþægindum vegna ágangs, hávaða og loftmengunar vegna reksturs bensínstöðvar Atlandsolíu að Kópavogsbraut 115, Kópavogi. Heilbrigðisnefnd óskar eftir áliti rekstaraðila bensínstöðvarinnar vegna þessa.

Árni Sverrisson vék af fundi að lokinni afgreiðslu þessa liðar.

## **9. Framkvæmdastjórn um vatnsvernd**

### **9.1 Eftirlit á vatnsverndarsvæðum**

Lagt fram minnisblað frá hugarflugsfundi um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu þann 16. apríl 2004. Til fundarins voru boðaðir flestir starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins á höfuðborgarsvæðinu.

### **9.2 Gróður fyrir fólk**

Lagt fram erindi Gróðurs fyrir fólk í landnámi Ingólfs þar sem lýst er þeim verkefnum sem samtökin hyggjast vinna sumarið 2004 á Sandskeiðssvæðinu. Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við verkefnin en vekur athygli á að hafa þarf samráð við umráðamenn lands og fólkvangsstjórn Bláfjallafólksvangs þar sem það á við.

## **10. Umgengni um lóðir**

Farið yfir stöðu mála við helstu verkefni varðandi lóðarhreinsun sbr. lið 6 í fundargerð heilbrigðisnefndar frá 26. apríl 2004. Fram kom að eftirlitsmaður og fjölskylda hans höfðu orði fyrir ónæði af völdum lóðarhafa fyrir utan venjulegan vinnutíma vegna þessara starfa. Ákveðið var að móta starfsreglur til að fara eftir komi slík mál upp.

## **11. Skólpmengun í Kópavogi**

Lögð fram að nýju kvörtun um skólpmengun í Kópavogi frá 16. apríl 2004 og tölvuskeyti bæjarverkfræðings Kópavogs frá 5. maí 2004 um úrbætur sem verið er að vinna að..

## **12. Önnur mál**

### **12.1 Sumarstarfsmaður**

Samþykkt að ráða Sveinbjörgu Ingvarsdóttur til afleysingastarfa í sumar.

### **12.2 Kattahald**

Kynnt var nýsett samþykkt og gjaldskrá um kattahald á Suðurnesjum og framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi sem hann var boðaður á hjá umhverfisnefnd Bessastaðahrepps um kattahald á Álftanesi.

### **12.3 Svæðisáætlun um úrgang**

Lagt fram erindi Sorpu frá 19. maí 2004 þar sem óskað er tilnefningar fulltrúa í verkefnishóp til gerðar svæðisbundinnar áætlunar um meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr. 55/2003.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.05

Loftur Þór Pétursson

Gestur Pétursson

Árni Sverrisson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurgeir Ólafsson

Unnþór Stefánsson

Andrés Pétursson